



Borgarráð

Reykjavík, 10. apríl 2025

MSS22100084

Endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík til samræmis við upplýsingar í hjálögðu bréfi sviðsstjóra til borgarráðs dags. 9. apríl 2025.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aukafund borgarráðs þann 2. maí 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til borgarráðs um endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla, dags. 9. apríl 2025, ásamt fylgigögnum.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar um endurnýjun þjónustusamninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi grunnskóla, dags. 9. apríl 2025.



Reykjavík



Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, dags. 9. apríl 2025

MSS22100084

Efni: Endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík til samræmis við samningsmarkmið RVK, upplýsingar í greinargerð og í fylgiskjali 1, með yfirliti yfir samningsaðila og hámarksfjölda reykvískra nemenda með lögheimili í Reykjavík, sem heimilt er að greiða framlag vegna:

- 1) Með viðaukanum verði gildistími samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík og þegar gerðra viðauka, eftir því sem við á, framlengdir til 31. desember 2026.
- 2) Frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026 verði gerð sú breyting að framlag Reykjavíkurborgar nemi 80% í stað 75 % á hvern nemanda fyrir skóla með allt að 200 nemendur eða 70% vegna fjölda nemenda umfram 200, af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda með lögheimili í Reykjavík samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Að öðru leyti verði gerðar breytingar til samræmis við það sem fram kemur í greinargerð í bréfi þessu og í fyrirmynd að viðauka við þjónustusamninginn.
- 3) Vegna Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, Skógarhlíð 6, verði samþykkt að frá 1. apríl 2025 verði samningsaðili sá sami og vegna leikskólahluta Hjallastefnunnar eða Hjallastefnan ehf, kt. 540599-2039, í stað Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf 550119-0210.
- 4) Lagt er til að fallist verði á beiðni Hjallastefnunnar ehf vegna grunnskólans í Skógarhlíð 6 um að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, til Barnaskóla Hjallastefnunnar ehf, verði 185 í 1.- 7. bekk, í stað nú 165 nemenda. Greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík umfram 165 en að hámarki 185 sem gengið hafa í grunnskólann frá upphafi yfirstandandi skólaárs 2024 - 2025. Jafnframt verði veitt tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk á gildistíma þjónustusamnings. Að öðru leyti verði umsókn Hjallastefnunnar ehf vegna grunnskóla afgreidd þegar öll skilyrði varðandi húsnæði verða uppfyllt.
- 5) Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla berist frá grunnskólunum innan eins mánaða frá samþykkt borgarráðs vegna umsóknar skóla- og frístundasviðs um staðfestingu viðauka við þjónustusamninginn til Mennta- og barnamálaráðuneytis.
- 6) Jafnframt er gerður fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs grunnskóla og samningsbundnar skyldur uppfylltar og að viðaukinn verði staðfestur af Mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 7) Á framangreindu samningstímabili vinni Sjálfstæðir skólar og skóla- og frístundasvið að nýjum þriggja ára þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík.
- 8) Þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði sem hlýst af tillögunni í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt. Aukinn kostnaður vegna fjölgunar nemenda í Hjallastefnunni miðað við þá 181 reykvískan nemanda sem nú stundar þar nám frá haustönn miðað við 75% af



viðmiðunarfjárhæðinni vegna fjölgunar úr 165 í 181 er 15.330 þús.- Gert er ráð fyrir að kostnaður falli á árið 2025 og því verður óskað eftir varanlegri viðbót í ramma skóla- og frístundasviðs að fjárhæð 15.330 þús. Þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun sviðsins.

Aukinn kostnaður vegna hækkunar rekstrarframlagsins í 80% af vegnu meðaltali frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026, vegna sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík, rúmast ekki innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og því mun verða óskað eftir viðbótarfjárheimild að fjárhæð 134.000 þús. vegna rekstrarársins 2025.

- 9) Til samræmis við tillögu starfshóps um mótun stefnu um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, dags. október 2022, er lagt til að eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að rýna tillögur starfshópsins hvað varðar aðgengi að húsnæði í eigu borgarinnar og húsnæðiskostnað og koma með tillögu að nýrri útfærslu sem uppfyllir betur að auka gagnsæi og jafnræði í þessum eignum.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík í samvinnu við fulltrúa Sjálfstæðra skóla – fjölbreytt samfélag skóla og hefur af því tilefni átt fjölmarga fundi með fulltrúum skólanna.

Niðurstaða þeirra viðræðna er sú að leggja til að gerður verði viðauki við þjónustusamninga sjálfstæðra grunnskóla og gera á honum þá breytingu að frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026 hækki framlag vegna reykviskra nemenda úr 75%/70% í 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda með lögheimili í Reykjavík samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Breytingin ná jafnframt til grunnskóla með nemendum umfram 200.

Á framangreindu samningstímabili vinni Sjálfstæðir skólar og skóla- og frístundasvið að nýjum samningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík

Meðfylgjandi er fyrirmynd að viðauka við þjónustusamning við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, bréf Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 12. mars 2025 og bókun, dags. 28. mars 2025, auk greinargerðar, dags. 29. mars 2025, frá Sjálfstæðum skólum.

Forsaga málsins

Þann 3. febrúar 2022 skipaði borgarstjóri starfshóp um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Erindisbréf hópsins var lagt fram fundi borgarráðs þann 10. febrúar 2022. Samkvæmt erindisbréfi hópsins var það hlutverk hans að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi er hlutverki og helstu verkefnum lýst. Starfshópurinn afhenti borgarstjóra skýrslu, dags. í október 2022.

Samtökum sjálfstæðra skóla var veitt færi á að senda borgarráði umsögn um tillögur borgarstjóra, dags. 10. október 2022, sem byggja á skýrslu starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 11. apríl 2022, liggur fyrir.

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2022 var lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 10. október 2022, varðandi tillögur starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, ásamt fylgiskjöllum. Vísað til borgarstjórnar.



Á fundi borgarstjórnar þann 15. nóvember 2022 var 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 10. nóvember; tillögum starfshóps um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, vísað til meðferðar borgarráðs.

Með tölvubréfi, dags. 30. nóvember 2022, óskaði borgarráð eftir umsögn skóla- og frístundaráðs um tillögur starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. mars 2023 var umsögn skóla- og frístundaráðs, dags. 1. mars 2023, um tillögur starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur atkvæðum. Á sama fundi fór fram kynning á skýrslu starfshópsins.

Á fundi borgarráðs, dags. 28. september 2023, var samþykkt með breytingum tillaga borgarstjóra, dags. 26. september 2023, um að fela skóla- og frístundasviði að ganga til endurnýjunar samninga við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla á grundvelli fyrirbyggjandi samninga auk tilgreindra samningsmarkmiða vegna samningaviðræðna við Samtök sjálfstætt starfandi skóla sem borgarráð gerir kröfu um.

Þess má geta að á fundi borgarráðs þann 21. nóvember 2024 var samþykkt að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla, byggt á framlögðum skjölum, [sjá má afgangiðsluna undir dagskrárlíð 8 hér](#).

Á fundi borgarráðs þann 30. janúar 2025 var samþykkt að gera samninga við tilgreinda sjálfstætt starfandi leikskóla, [sjá má afgangiðsluna undir dagskrárlíð 14 hér](#).

Þjónustusamningurinn

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2019 og í borgarráði þann 7. febrúar 2019 var samþykkt að gera samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík; Hjallastefnuna Grunnskóla ehf., Landakotsskóla ses, Skóla Ísaks Jónssonar ses, Tjarnarskóla ehf., Suðurhlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Samningarnir tóku gildi þann 10. júní 2019 og giltu til þriggja ára.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 og borgarráðs, dags. 7. júlí 2022, var samþykkt að gerður yrði viðauki við samninga Reykjavíkurborgar, sem gilda til 10. júní 2022, við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, þar sem gildistími samnings og viðauka samkvæmt honum yrði framlengdur til 31. desember 2022. Jafnframt var samþykkt að framlengja samningana til 31. desember 2023 á fundi borgarráðs þann 1. desember 2022.

Á tímabilinu hafa orðið breytingar í einhverju tilvikum á fjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Með gerð viðauka við ofangreinda þjónustusamninga verður lítið svo á að upphaflegur samningur og síðari viðaukar, eftir því sem við á, hafi haldið gildi sínu þar til nýr viðauki er gerður að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði sem sett eru. Greiðslur til skólanna á liðnu tímabili hafa verið byggðar á umræddum samningum og viðauka við þá.

Efni þjónustusamnings

Samkvæmt 43. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b laga um grunnskóla og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. a skal ráðuneytið staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Ekki má hefja skólastarf fyrr en sú staðfesting liggur fyrir.



Í 4. mgr. 43. gr. a laga um grunnskóla koma fram þau atriði sem fjalla skal um að minnsta kosti.

Í 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla er fjallað um upphæð framlags úr sveitarsjóði. Kemur þar fram í 1. mgr. að framlagi skv. 8. gr. skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að útreikningur Hagstofu Íslands skv. 1. mgr. vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Með vísan til þess sem fram kemur í tillögu er lagt til að umfram skyldu verði frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026 nemi framlagið 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda með lögheimili í Reykjavík samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Sama gildi fyrir nemendur umfram 200.

Viðsemjendur og hámarksfjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavíkurborg

Tillagan felur það í sér að gert er ráð fyrir að samið sé við sömu aðila og áður og að heimilt sé að greiða framlag vegna sama fjölda reykvískra nemenda að frátaldri breytingu hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar sem lýst er hér að neðan.

Hjallastefnan

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. janúar 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Hjallastefnuna Grunnskóla ehf staðfestur.

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2023 var fallist á beiðni Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf um að fjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf, verði 165 í 1.- 7. bekk. Þá var til staðar tímabundið leyfi vegna kennslu í 6. og 7. bekk. Umrædd heimild náði til húsnæðisins í Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Breyting á samningsaðila

Hjallastefnan hefur óskað eftir að í stað þess að gerður verði þjónustusamningur við Hjallastefnuna Grunnskóla ehf, kt. 550119-0210, eins og verið hefur frá árinu 2019, verði gerður samningur við Hjallastefnuna ehf, kt. 540599-2039. Fram hefur komið að um sé að ræða samruna Hjallastefnunnar grunnskóla ehf og Hjallastefnunnar leikskólar ehf við móðurfélag sitt Hjallastefnuna ehf. Fram kemur meðal annars að lýsing á samrunaferli miðist við að Hjallastefnunni Grunnskólar og Hjallastefnunni leikskólar verði slitið með algjörum samruna við Hjallastefnuna með yfirtöku eigna og skulda (samruna með yfirtöku). Yfirteknu félögin tvö eru lögð niður en starfsemi þeirra haldi áfram innan ramma yfirtökufélagsins.

Umsögn skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, dags. 22. janúar 2025, þar sem fram kemur að skólaráð geri ekki athugasemdir eða setji sig á móti framkvæmdinni.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé tilefni til að gera athugasemd við að Hjallastefnan ehf taki við skuldbindingum Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf með viðauka við þjónustusamning dags. 13. maí 2019. Engu að síður er gerður fyrirvari um að öll skilyrði séu uppfyllt.

Fjöldun reykvískra nemenda

Með tölvubréfi, dags. 15. apríl 2024 upplýsti Hjallastefnuna að í tengslum við endurnýjun samninga vegna grunnskóla þyrfti að gera ákveðnar breytingar. Óskað var eftir að



Þjónustusamningur vegna 6 – 12 ára barni nái til 220 nemenda (með lögheimili í Reykjavík) vegna skólaársins 2025 – 2026. Jafnframt kom fram að sækja þurfi um undanþágu vegna vaska í kennslustofum í Skógarhlíð og að unnið væri að því að auka húsnæði skólans með því að taka á leigu rými í nærumhverfinu. Í september sl. kom í ljós að Hjallastefnan hafði bætt við húsakost sinn og hafi fært hluta starfsemi sinnar í Háuhlíð 9 sem er í eigu Skátafélagsins Landnema. Fram kom að í húsnæðinu í Háuhlíð stunda börn í 5. -7. bekk, nám alls 65 nemendur ásamt 7 kennurum. Öll kennsla fer þar fram ásamt því sem börn og kennarar borða hádegismat og eru í útiveru. Markviss útikennsla fer þar fram til að auðga skólastarfið og var sérstaklega horft til þess þegar skólastarfið á miðstigi var flutt þangað. Óskað hefur verið eftir álit og umsögn frá Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti og Eldvarnareftirliti. Meðfylgjandi var teikning af húsnæðinu og hlekkir á teikningar af því.

Með bréfi Hjallastefnunnar, dags. 7. október 2024, er óskað eftir að greitt verði framlag vegna allt að 185 nemenda og auk þess sótt um leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk og greiðslur með nemendum í 1.-7. bekk.

Með tölvubrési Hjallastefnunnar, dags. 22. janúar 2025, eru veittar upplýsingar um stöðu mála og kemur þar meðal annars fram að beiðni Hjallastefnunnar varðandi grunnskólahlutann sé eftirfarandi:

- a) Óskað er áframhaldandi leyfis til kennslu í 6. og 7. bekk skólaárin 2024 – 2026. Þar sem gert er ráð fyrir viðauka til skemmri tíma má gera ráð fyrir að heimildin nái til þess sama tíma.
- b) Sótt er um að skólinn hafi ótímabundið leyfi til að vera með nemendur frá 6 ára – 12 ára (1. bekk – 7. bekk)
- c) Greitt verði framlag vegna 185 nemenda í stað 165 frá upphafi skólaársins 2024.
- d) Í heildina geti verið 210 nemendur í skólanum þar af 185 með lögheimili í Reykjavík.
- e) Samrekstur fimm ára deildar Öskju og grunnskólans. Umsagnir skóla- og foreldraráðs, dags. 22. janúar 2025, liggja fyrir um að umsókn um samrekstur hafi verið kynnt og að ekki sé gerð athugasemd við hana.
- g) Til viðbótar húsnæðinu að Skógarhlíð verði að hámarki 47 nemendur og 5 kennarar í húsnæðinu að Háuhlíð. Gert er ráð fyrir að samtímis séu að hámarki 150 nemendur séu í Skógarhlíð.
- h) Óskað hafi verið eftir starfsleyfi í tveimur stofum við Bústaðavegi 9. Kemur fram að gert sé ráð fyrir að 5-15 grunnskólabörnum á aldrinum 10-12 ára nýti húsnæðið á hverjum tíma og fjöldi starfsmanna verði á bilinu 1-5.

Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2025 óskaði skóla- og frístundasvið eftir að lögð verði fram tilskilin leyfi og vottorð Heilbrigðiseftirlit, Eldvarnareftirlits og Vinnueftirlits vegna alls húsnæðis skólans. Jafnframt kemur fram í bréfinu skóla- og frístundasviðs að út frá fyrirbyggjandi upplýsingum sé gert ráð fyrir að ef fullnægjandi vottorð og leyfi berast verði unnt að leggja til að heimilt verði að vera með umbeðinn fjölda nemenda í Skógarhlíð og Háuhlíð. Ekki væri tekið tillit til Bústaðarveggar enda vantar þar frekari upplýsingar, vottorð og leyfi.

Enn sem komið er hafa ekki borist fullnægjandi gögn vegna Háuhlíðar og Bústaðarveggar 9 og er því lagt til að fallist verði á beiðni Hjallastefnunnar ehf um að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, til Barnaskóla Hjallastefnunnar ehf, verði 185 í 1.- 7. bekk, í stað nú 165 nemenda. Greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík umfram 165 en að hámarki 185 sem gengið hafa í grunnskólann frá upphafi yfirstandandi skólaárs 2024 - 2025. Jafnframt verði veitt tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk á gildistíma þjónustusamnings. Að öðru leyti verði umsókn Hjallastefnunnar ehf vegna grunnskóla afgreidd þegar öll skilyrði varðandi húsnæði verða uppfyllt.



Að öðru leyti verði afgreiðsla umsóknarinnar frestað þar til öll gögn berast vegna húsnæðisins að Háuhlíð og Bústaðavegar.

Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla berist frá grunnskólunum innan eins mánaða frá samþykkt borgarráðs vegna umsóknar skóla- og frístundasviðs um staðfestingu viðauka við þjónustusamninginn til Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Suðurhlíðaskóli

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 31. janúar 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Suðurhlíðarskóla staðfestur.

Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna er 51.

Tjarnarskóli

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 24. mars 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Tjarnarskóla staðfestur.

Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna er 53.

Waldorfskólinn Sólstafr

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. janúar 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Waldorfskólann Sólstafr staðfestur.

Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna er 100.

Skóli Ísaks Jónssonar

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 13. febrúar 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Suðurhlíðarskóla staðfestur.

Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna er 199.

Landakotsskóli sem rekur jafnframt alþjóðadeild

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. júní 2020, var þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Landakotsskóla staðfestur.

Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna er 335, 215 í almennum hlut grunnskólans og 120 í alþjóðadeild.

Fyrirvari

Í öllum tilfellum gildir að gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla berist frá grunnskólunum innan eins mánaðar vegna umsóknar skóla- og frístundasviðs um staðfestingu viðauka við þjónustusamninginn til Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Jafnframt er gerður fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs grunnskóla og samningsbundnar skyldur uppfylltar og að samningurinn verði staðfestur af Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Samningsmarkmið borgarráðs

Í samþykkt borgarráðs frá 28. september 2023 var skóla- og frístundasviði falið að ganga til endurnýjunar samninga á grundvelli [tilgreindra samningsmarkmiða](#) sem endurspeglast í drögum að samningi með eftirfarandi hætti:

1. Ekki verður gerð breyting á ákvæðum um innheimtu skólagjalda/námsgjalda í



samræmi við viðbrögð samtaka sjálfstætt starfandi skóla í umsagnarferli samningsmarkmiða. Heildarframlög taka því jafnframt mið af sama grunni og áður, ákvæðum grunnskólalaga.

Í viðauka við þjónustusamninginn er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum um innheimtu skólagjalda.

2. Þeir sem gera þjónustusamning við Reykjavíkurborg taki mið af stefnumótun Reykjavíkurborgar, þar með talið Menntastefnu og Mannréttindastefnu.

Í samningsmarkmiðum sem samþykkt voru í borgarráði þann kom fram að þeir skólar sem gera þjónustusamninga við Reykjavíkurborg taki mið af stefnumótun Reykjavíkurborgar, þar með talið menntastefnu og mannréttindastefnu. Reykjavíkurborg vill stefna að traustum starfsskilyrðum sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í borginni sem skapa fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og gerir þeim kleift að haga starfi sínu í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, Græna planið og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Niðurstaðan var sú að ekki þótti fært að gera kröfu um í samningi að sjálfstætt reknum skólum bæri að taka mið af Græna planinu sem er áætlun Reykjavíkurborgar sem snýr ekki beinlínis að þriðja aðila.

Lagt er til að í viðauka við þjónustusamning komi fram, til samræmis við ákvæði í þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi leikskóla, að framkvæmd sjálfstætt starfandi grunnskóla skuli byggja á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Komi upp ágreiningsmál vegna þessa skulu tilnefndir tveir aðilar, einn af hálfu hvors samningsaðila auk oddamanns sem þeir koma sér saman um og skulu þeir leitast við að leysa úr ágreiningnum, sjá 2. gr. B í viðauka við þjónustusamninginn.

3. Reykjavíkurborg vill taka upp samræmt umsóknar- og innritunarkerfi fyrir grunnskólaþjónustu í borgarreknum og sjálfstætt starfandi skólum sem borgin er með þjónustusamninga við.

Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar hafa frá mars 2023 kveðið á um að börn með lögheimili í Reykjavík sem eru að byrja í 1. bekk grunnskóla eru skráð án umsóknar í hverfisskóla við skólaskylduáldur. Foreldrar fara inn á Mínar síður á þjónustuvef Reykjavíkur og staðfesta skráningu í grunnskóla. Í skráningarferlinu geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfisskóla.

Ef barn með lögheimili í Reykjavík fer ekki í grunnskóla Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að foreldrar afpakki skólavist og skrái ástæðu til dæmis hvort sótt hefur verið um í sjálfstætt reknum grunnskóla eða um er að ræða flutning úr sveitarfélaginu eða flutning úr landi.

Með þessari breytingu fékkst mun betri yfirsýn en áður hafði verið. Fyrir liggur að ekki hefur verið unnið að útfærslu á *Mínum síðum* með það í huga að innritun nemenda í sjálfstætt starfandi grunnskóla fari þar fram.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er að smíða miðlægan, stafrænan gagnagrunn sem heldur utan um alla nemendur landsins en grunnurinn hefur fengið heitið Frigg.

Frigg styður skólastjórnendur varðandi umsýslu nemenda, kennara og bekkja með miðlægum hætti á landsvísu. Heldur utan um umsóknir um flutning nemenda milli skóla, staðfestingu skólavistar 1. bekkjar o.fl. Veitir nákvæmari sýn á fjölda nemenda í skólahverfi skólans. Bætur þar með upplýsingagjöf skóla við sveitarfélag á kerfislægan máta. Samþætting við önnur kerfi eins og Mentor, Inna, Námfús, námsmatskerfi o.s.frv. er uppleggið með Frigg.

Með vísan til framangreinds er ekki lagt til að kveðið verði á um samræmt umsóknar- og innritunarkerfi fyrir grunnskólaþjónustu í borgarreknum og sjálfstætt starfandi skólum í fyrirliggjandi drögum að viðauka við þjónustusamninginn. Hins vegar verði tekið fram í viðauka



við þjónustusamninginn að grunnskólinn sé tilbúinn til að taka upp eigi síðar en við lok samningstímans samræmt umsóknar og innritunarkerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi grunnskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Leiðir að þessu markmiði verða skoðaðar í samvinnu samningsaðila á samningstímabilinu, sjá 2. gr. G í viðauka við þjónustusamning.

4. Börn með lögheimili í Reykjavík njóti forgangs umfram börn úr öðrum sveitarfélögum að lausum plássum hjá sjálfstætt starfandi grunnskólum til samræmis við ákvæði þjónustusamninga. Eldri börn njóti forgangs umfram yngri í leikskólum, nema þegar um sérstaka ungþarnaleikskóla er að ræða.

Lagt er til að þetta samningsmarkið fái nýja rýni á samningstímanum. Fram komi í viðauka við þjónustusamning að börn með lögheimili í Reykjavík njóti forgangs umfram börn úr öðrum sveitarfélögum að lausum plássum hjá grunnskólanum. Leiðir að þessu markmiði verða skoðaðar í samvinnu samningsaðila á samningstímabilinu, sjá 2. gr. G í viðauka við þjónustusamning.

5. Reykjavíkurborg gerir kröfu um að sjálfstætt starfandi grunnskólar séu með um nauðsynlegar og viðeigandi tryggingar.

Ákvæði sama efnis og í þjónustusamningi leikskóla er nú í meðfylgjandi viðauka við þjónustusamning, sjá gr. 2. C í viðauka við þjónustusamning.

6. Reykjavíkurborg gerir kröfu um að sjálfstætt starfandi skólar sem gera þjónustusamninga við Reykjavíkurborg skili endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu starfseminnar fyrir 1. maí ár hvert.

Það er nú þegar ákvæði í þjónustusamningi sem kveður á um þetta. Engu að síður er lagt til að bætt verði við ákvæði er snýr að bókhaldi og endurskoðun ársreikninga, til samræmis við ákvæði í þjónustusamningi leikskóla, sjá gr. 2. F í viðauka við þjónustusamning.

Til viðbótar voru sett ákvæði sama efnis og í þjónustusamningi vegna leikskóla er varða rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar, sjá 2. gr. E drögum að viðauka og vanefndir, sjá 2. gr. I í drögum að viðauka,

Samtök sjálfstæðra skóla

Samtök sjálfstæðra skóla hafa komið afstöðu félagsmanna á framfæri á fundum auk þess sem fyrir liggur meðfylgjandi bréf, dags. 12. mars 2025 og bókanir, dags. 28. mars 2025 og greinargerð við bókanir, dags. 29. mars 2025.

Samtökum sjálfstæðra skóla var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við drög að viðauka við þjónustusamninginn og bárust ábendingar um breytingar, dags. 9. apríl sl. Þann 10. apríl 2025 bárust upplýsingar um að í heildina væru aðilar samþykkir því sem hefur komið sem drög að inntaki viðauka frá Reykjavíkurborg. Þá var gerð krafa um að aðferðarfræði sem liggja til grundvallar leiðréttingum Reykjavíkurborgar á framlagi til grunnskólans, vegna afturvirkra greiðslna til kennara samkvæmt kjarasamningum sem sveitarfélögin gerðu vegna árunna 2024 og 2025.

Fjárhagsleg áhrif

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir framlagi til sjálfstætt starfandi grunnskóla með samning við skóla- og frístundasvið út frá því að miðað sé við 75% af viðmiðunarfjárhæðinni. Framlenging samninga hefur áhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2025.

Aukinn kostnaður vegna fjölgunar nemenda í Hjallastefnunni miðað við þá 181 reykvískan nemanda sem nú stundar þar nám frá haustönn miðað við 75% af viðmiðunarfjárhæðinni



vegna fjölgunar úr 165 í 181 er 15.330 þús.- Gert er ráð fyrir að kostnaður falli á árið 2025 og því verður óskað eftir varanlegri viðbót í ramma skóla- og frístundasviðs að fjárhæð 15.330 þús. Þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun sviðsins.

Aukinn kostnaður vegna hækkunar rekstrarframlagsins í 80% af vagnu meðaltali frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026 vegna sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík, rúmast ekki innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og því mun verða óskað eftir viðbótarfjárheimild að fjárhæð 134.000 þús. vegna rekstrarársins 2025.

Ekki er gert ráð fyrir breyttum kostnaði í fjárhagshagsáætlun 2025 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 8. apríl 2025, liggur fyrir.

Afgreiðsla

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er lagt til að gerður verði viðauki við þjónustusamninga sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík og að þeir verði framlengdir til 31. desember 2026. Um forsendur og fyrirvara er vísað til þess er fram kemur í tillögu og greinargerð. Á samningstímanum verði unnið að nýjum þriggja ára samningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Virðingarfyllt

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

1. Yfirlit yfir samningsaðila og fjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna.
2. Drög að fyrirmynd að viðauka
3. Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 9. apríl 2025
4. Bréf Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 12. mars 2025.



Reykjavíkurborg

5. Bókun samninganefndar SSSK vegna fundar dags. 27. mars 2025
6. Greinargerð Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 28. mars 2025.

**Fylgiskjal 1**

Yfirlit yfir samningsaðila og samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík

Nafn grunnskóla	Rekstraraðili	Kennitala	Heimildaður fjöldi nemenda
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Hjallastefnan ehf	540599-2039	185*
Landakotsskóli	Landakotsskóli ses	660505-1210	335, 215 í almennum hluta, 120 í alþjóðadeild
Skóli Ísaks Jónssonar	Skóli Ísaks Jónssonar ses	600269-4889	199
Suðurhlíðarskóli	Suðurhlíðarskóli	440169-3259	51
Tjarnarskóli	Tjarnarskóli	460188-1999	53
Waldorfskólinn Sólstafir	Waldorfskólinn Sólstafir	430694-2199	100

*fjölgun úr 165 í 185 frá 1. september 2024 og í 185 að hámarki. Breyting á samningsaðila frá 1. apríl 2025.

Greitt verður framlag vegna nemenda með lögheimili í Barnaskóla Hjallastefnunnar sem ekki hefur verið greitt framlag vegna nú þegar frá upphafi skólaársins 2024 til dagsins í dag en þó að hámarki vegna 185 nemenda.



Viðauki við þjónustusamning Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, annars vegar og [nafn skóla, kt.], hins vegar, hér eftir grunnskólinn gera með sér svofelldan viðauka við þjónustusamning sömu aðila [dags. samnings] auk viðauka sem við hann voru gerðir [dags.] um framlag vegna nemenda grunnskólans sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

1. gr.

Þjónustusamningur aðila, [dags.] auk viðauka sem við hann hafa verið gerðir eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa. Litið er svo á að samningur aðila, dags. [dags. samnings] með síðari viðaukum, sem giltu til 31. desember 2023 haldi gildi sínu þar til viðauki þessi tekur gildi þann 1. janúar 2025.

Nú þegar hafa verið inntar af hendi greiðslur vegna tímabilsins 1. janúar 2024 til 31. desember 2024 á grundvelli 2. gr. samnings aðila [dags.] og síðari viðauka og telst það tímabil uppgert.

2. gr.

Aðilar framangreinds samnings [dags.] með síðari viðaukum hafa ákveðið að gera samkomulag um eftirfarandi breytingar samningsins sem gilda frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026:

A) Gerð er breyting á 1. málslíð 1. mgr. og verður hún svohljóðandi:

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, reglugerð 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemina.

B) Í 1. gr. samnings aðila verður til ný lokamálsgrein sem er svohljóðandi:

Framkvæmd sjálfstætt starfandi grunnskóla skal byggja á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar í grunnskólastarfinu. Komi upp ágreiningsmál vegna þessa skulu tilnefndir tveir aðilar, einn af hálfu hvors samningsaðila auk oddamanns sem þeir koma sér saman um og skulu þeir leitast við að leysa úr ágreiningnum.

C) Á eftir 1. gr. samnings aðila verður til nýtt ákvæði gr. 1.1 sem er svohljóðandi og ber yfirskriftina Fjárhagsleg staða og framsal samnings:

Grunnskólinn ber fjárhagslega ábyrgð á allri framkvæmd samningsins og rekstri grunnskólans. Réttarsamband grunnskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi þar sem samningi þessum sleppir. Grunnskólanum er óheimilt að framselja samninginn eða réttindi samkvæmt honum til þriðja aðila. Jafnframt er óheimilt að veðsetja samninginn eða tengja hann á nokkurn hátt öðrum álíka löggerningi. Þó er grunnskólanum heimilt á eigin ábyrgð að semja við banka og lánastofnanir um forgangsörðun



greiðslna sem berast samkvæmt samningnum upp í fjárhagslegar skuldbindingar grunnskólans og annað slíkt sem hefðbundið þykir í viðskiptum við banka og lánastofnanir og fyrirtæki sem annast reikningakaup. Skóla- og frístundasvið á hvorki aðild að slíkum samningi né ber ábyrgð á honum.

Um skaðabótaábyrgð grunnskólans fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Grunnskólinn ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd grunnskólaþjónustu. Ennfremur ber grunnskólinn ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda skóla- og frístundasviði eða þriðja aðila á gildistíma samningsins og við framkvæmd grunnskólaþjónustu auk þess tjóns er skóla- og frístundasvið eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Grunnskólinn skal vera með nauðsynlegar og viðeigandi tryggingar á eigin kostnað en með því er átt við slysatryggingar barna, slysatryggingar launþega (til samræmis við skyldur samkvæmt kjarasamningum), bruna-, vatns- og innbrotstryggingar lausafjármuna, frjálsa ábyrgðartryggingu og brunatryggingu húseigna til samræmis við skyldur húseigenda. Sé lóð og húsnæði í eigu þriðja aðila, skal grunnskólinn, eftir atvikum og að breyttum breytanda, ganga úr skugga um að leigusali tryggi það með sama hætti og væri húsnæðið í eigu grunnskólans.

Ef grunnskólinn ræður verktaka í tiltekna verkþætti í grunnskólanum skal rekstraraðili grunnskólans tryggja að þeir hafi sams konar váttryggingarvernd og greinir í 4. mgr. í gr. 1.1, viðaukans enda telst hann að fullu ábyrgur vegna athafna eða athafnaleysi þeirra að því leyti sem verktakinn eða verkið sem hann vinnur fellur ekki undir váttryggingarvernd grunnskólans. Óheimilt er að ráða verktaka til að sinna almennu faglegu grunnskólastarfi en þó ekki vegna stöku aðkomu verktaka sem dæmi vegna danskennslu. Óheimilt er að ráða verktaka til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Grunnskólinn skal sjá til þess að skóla- og frístundasvið geti haft í grunnskólanum aðgang að öllum váttryggingaskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöldum eða staðfestingum á að viðkomandi váttryggingar séu í gildi á hverjum tíma.

D) 1. mgr. 2. gr. samnings aðila verður svohljóðandi:

Framlagið á hvern nemanda nemur 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands og greiðist frá og með 1. janúar 2025.

E) Í 8. gr. samnings aðila bætist við 5. mgr. og verður hún svohljóðandi:

Grunnskólinn skal hafa rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar eftir því er óskað í þeim tilgangi að sannreyna efndir grunnskólans samkvæmt samningnum. Ef upplýsingar eru til staðar í gögnum sem þegar hafa verið birt opinberlega er heimilt að vísa til þess hvar þær er að finna. Jafnframt ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag grunnskólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða grunnskóla. Skóla- og frístundasviði er heimilt að afhenda fyrirbyggjandi upplýsingar um starfsemi og fjárhag grunnskólans til þriðja aðila sem hefur



undirgengist trúnaðarsamning gagnvart skóla- og frístundasviði reynist það nauðsynlegt vegna rannsókna eða úttekta á starfsemi grunnskólans.

F) 9. gr. samnings aðila verður svohljóðandi:

Ársskýrsla, bókhald og endurskoðun ársreikninga

Grunnskólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. maí ár hver fyrir liðið fjárhagsár til samræmis við nánari lýsingu í þessu ákvæði. Hægt er að fá lengdan skilafrest til og með 31. ágúst.

Grunnskólinn skal aðgreina í bókhaldi sínu (deildarskipta) mismunandi rekstur s.s. grunnskóla, leikskóla, frístundastarf og tónlistarkennslu.

Óháð ákvæðum 3. og 109. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þ.m.t. ákvæði 7. mgr. 3. gr. laganna, skal grunnskólinn semja ársreikning sem samræmist ákvæðum II. kafla reglugerðar nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn skal áritaður af löggiltum endurskoðanda skv. 104. gr. laga nr. 3/2006 og 16. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Í stað ákvæðis 6. tölul. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 94/2019 skal áritunin innihalda mat á rekstrarhæfi grunnskólans.

Leigi grunnskólinn húsnæði af tengdum aðila eða kaupir af honum aðra þjónustu skal umfangsins getið í skýringunum ásamt mati á hvort viðskipti við tengda aðila hafi verið gerð á armslengdarkjörum eður ei.

Í skýringunum skal fjallað um kröfur eigenda á hendur grunnskólanum og kröfur grunnskólans á hendur eigendum og lagt mat á hvort slík viðskipti samræmist lögum og reikningsskilaaðferðum.

Greiði grunnskólinn arð skal skila skóla- og frístundasviði ítarupplýsingum staðfestum af löggiltum endurskoðanda, um skiptingu tekna, þ.m.t. launa-, stjórnunar-, starfsmanna- og annars rekstrarkostnaðar, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er borginni aðgreindri frá annarri starfsemi félagsins.

G) Í 11. gr. samnings aðila bætist við eftirfarandi 2. mgr. og verður hún svohljóðandi:

Grunnskólinn er tilbúinn til að taka upp eigi síðar en við lok samningstímans samræmt umsóknar og innritunarkerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi grunnskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Jafnframt njóti börn með lögheimili í Reykjavík forgangs umfram börn úr öðrum sveitarfélögum að lausum plássum hjá grunnskólanum. Leiðir að þessum markmiðum verði skoðaðar í samvinnu samningsaðila á samningstímabilinu.

H) Í 1. mgr. 14. gr. bætist við nýr lokamálsliður og er hann svohljóðandi:

Aðilar þessa samnings með síðari viðaukum hafa ákveðið að gera samkomulag um að samningur aðila auk síðari viðauka verði framlengdur til 31. desember 2026, með breytingum sem tilgreindar eru í viðauka þessum.



l) Í 15. gr. samnings aðila er gerð sú breyting að við hana bætast eftirfarandi 3. mgr. til 6. mgr.

Grunnskólinn skal upplýsa skóla- og frístundasvið svo fljótt sem verða má ef að rekstur grunnskólans stefnir í að ógna rekstrarhæfi eða gjaldhæfi hans.

Ef verulegar vanefndir verða á einstökum ákvæðum samningsins hvað varðar starfsemi grunnskólans að mati skóla- og frístundasviðs og þær varða velferð nemenda í grunnskólanum, skal hann gera grunnskólanum skriflega grein fyrir því og óska úrbóta innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Grunnskólinn skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og framkvæma þær. Telji skóla- og frístundasvið úrbætur ófullnægjandi er sviðinu heimilt að segja upp samningnum og fellur hann þá þegar úr gildi.

Ef líklegt þykir að fjárhagsstaða rekstraraðila grunnskólans muni standa rekstrinum fyrir þrifum er skóla- og frístundasviði heimilt með 7 daga fyrirvara að óska tafarlausra úrbóta á fjárhagsstöðunni og ef ekki er orðið við því þá segja samningnum upp og fellur hann þá þegar úr gildi. Það skal vera sameiginlegt mat skóla- og frístundasviðs og endurskoðenda grunnskólans ef svo er talið. Upplýsingar úr ársreikningi grunnskólans eða aðrar utanaðkomandi upplýsingar geta á hverjum tíma leitt til sérstakrar skoðunar á fjárhagsstöðu rekstraraðila.

Ef fyrir liggur að rekstrarhæfi eða gjaldhæfi rekstraraðila grunnskólans er ábótavant að mati skóla- og frístundasviðs getur Reykjavíkurborg sagt upp eða eftir atvikum rift þjónustusamningi við rekstraraðila grunnskólans eða ákveðið að gera ekki nýjan samning.

3. gr.

Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla berist frá grunnskólanum innan eins mánaðar vegna umsóknar skóla- og frístundasviðs um staðfestingu viðauka við þjónustusamninginn til Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Jafnframt er gerður fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs grunnskóla og samningsbundnar skyldur uppfylltar og að viðaukinn verði staðfestur af Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

4. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá [dags.] og síðari viðauka og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings [dags]. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

5. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.



Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

DRÖG

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS og xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir um rekstur grunnskóla en ekki rekstur frístundaheimilis.

1. gr. Skilyrði

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018 og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kærarlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Til samræmis við lög um grunnskóla ber skólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum

ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2.gr. Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölggi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Greitt er framlag vegna allt að [tilgreindur fjöldi] nemenda.

Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt fyrir 9,5 mánuði sem skiptast í alls 9 greiðslur (sept.-maí) og fer greiðsla fram síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir liðandi mánuð. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS skóladagatali eigi síðar en 1. maí ár hvert og upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 15. júní ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

4. gr.

Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr.

Sérfræðipjónusta

Skólinn á rétt á sömu sérfræðipjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Umsóknir um fjármagn samkvæmt þessari grein skulu hafa borist skóla- og frístundasviði fyrir 1. október vegna haustannar og fyrir 1. mars vegna vorannar. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. október ár hvert.

9. gr.
Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.
Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendum

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.
Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.
Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.
Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.
Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags.]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Litið er svo á að samningur aðila [dags.] hafi haldið gildi sínu fram að gildistöku þessa samnings. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr
Fyrirvari um staðfestingu á þjónustusamningi
Afturköllun staðfestingar

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunar, sbr. 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Afturkalli Menntamálastofnun staðfestingu sína á þjónustusamningi þessum fellur samningurinn úr gildi án uppsagnar.

17. gr.
Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr.
Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____ janúar 2019

F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. xxxx (nafn skóla)

Vottar að réttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 9. apríl 2025

MSS22100084

UMSÖGN

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) um endurnýjun þjónustusamninga skóla og frístundasviðs (SFS) við sjálfstætt starfandi grunnskóla (SSG)

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna endurnýjunar á þjónustusamningum Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík um framlag vegna nemenda grunnskólans sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík í samvinnu við fulltrúa Sjálfstæðra skóla – fjölbreytt samfélag skóla. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú að leggja til að gerður verði viðauki við þjónustusamninga sjálfstæðra grunnskóla og gera á honum þá breytingu að frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2026 hækki framlag vegna reykvískra nemenda úr 75%/70% í 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda með lögheimili í Reykjavík samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Breytingin nái jafnframt til grunnskóla með nemendum umfram 200 börn.

Í greinargerð með tillögunni er farið yfir samningsmarkmið Reykjavíkurborgar og niðurstöður sem endurspeglast í drögum að samningi. Helstu niðurstöður eru:

- að ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum um innheimtu skólagjalda,
- að framkvæmd sjálfstætt starfandi grunnskóla skuli byggja á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar,
- að grunnskólinn sé tilbúinn til að taka upp eigi síðar en við lok samningstímans samræmt umsóknar og innritunarkerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar,
- að skoðaðar verði leiðir til þess á samningstímabilinu að börn með lögheimili í Reykjavík njóti forgangs umfram börn úr öðrum sveitarfélögum að lausum plássum hjá grunnskólanum,
- að styrkja ákvæði um tryggingar og skil á bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi

Fyrirliggjandi tillaga nær jafnframt til þess að greitt verði framlag vegna nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar með lögheimili í Reykjavík umfram 165 nemendur en að hámarki 185 nemendur sem gengið hafa í grunnskólann frá upphafi yfirstandandi skólaárs 2024 – 2025.



Reykjavík



Umsögn

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að samkvæmt 43. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b laga um grunnskóla og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Í 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla er fjallað um upphæð framlags úr sveitarsjóði. Kemur þar fram í 1. mgr. að framlagi skv. 8. gr. skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar í Reykjavík eru í samanburði við aðra grunnskóla í borginni tiltölulega smáir og er fjöldi nemenda á bilinu 47 til 335 börn, þar sem Landakotsskóli er stærstur. Greiningar á rekstri sjálfstætt rekinna grunnskóla hafa sýnt fram á að rekstur þeirra er þungur og hafi farið versnandi. Kröfur samningsaðila hafa verið skýrar um að tekist verði á við þennan vanda í fyrirliggjandi samningum með hækkun á hagstofuviðmiði sem geri skólunum kleyft að halda uppi þjónustustigi í samræmi við menntastefnu Reykjavíkurborgar og skólanámsskrár.

Samningsaðilar hafa náð niðurstöðu um að rekstrarframlag með hliðsjón af hagstofuviðmiði hækki og verði 80% fyrir alla nemendur burtséð frá nemendafjölda í skóla. Kostnaðarauki Reykjavíkurborgar vegna þessa er áætlaður 134 m.kr. á ársgrundvelli.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að niðurstaðan sé ásættanleg fyrir Reykjavíkurborg.

Sérstök athygli er vakin á mikilvægi þess að rekstrarupplýsingar skólanna séu aðgengilegar á deildarskiptu formi, ásamt tímanlegum skilum á ársreikningi og öðrum bókhaldslegum upplýsingum. Eru þessi skilyrði grundvöllur þess að unnt sé að viðhafa skilvirkt eftirlit með framkvæmd samninganna og tryggja gagnsæi í rekstri gagnvart Reykjavíkurborg sem þjónustukaupa.

Kostnaður vegna fjölgunar nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar frá haustönn 2024 er metinn 15,3 m.kr. Hér er gert ráð fyrir að um varanlegan kostnaðarauka sé að ræða.

Samanlagt er gert ráð fyrir að kostnaðarauki á árinu 2025 nemi 149,3 m.kr. Kostnaðaraukinn rúmast ekki innan ramma skóla- og frístundasviðs nema gerðar verði tilfærslur sem takast á við viðbótarútgjöld.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2025

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkur
Bt. Frans Páll Sigurðsson
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Bls. | 1

EFNI: Hækkun á framlagi Reykjavíkurborgar til sjálfstæðra skóla

Sjálfstæðir skólar leggja til að framlag frá Reykjavíkurborg, sem er hlutfall af áætluðum árlegum meðalkostnaði á hvern grunnskólanemanda, hækki úr lágmarkshlutfalli sem er 70/75% háð nemendafjölda í 80% fyrir alla nemendur óháð fjölda. Hér eru helstu rök fyrir þeirri hækkun:

- **Stuðningur við fjölbreytta menntun.** Sjálfstæðir skólar veita þjónustu sem gerir Reykjavíkurborg kleift að mæta ólíkum þörfum nemanda á hagkvæman hátt. Með því að hafa bæði sjálfstætt starfandi skóla og skóla rekna af sveitarfélögum er meiri fjölbreytni, sérhæfing og sveigjanleiki í námskerfinu fyrir nemendur sem kemur til móts við ólíkar þarfi þeirra.
- **Meðalkostnaðarútreikningar Hagstofunnar endurspeglar ekki rekstur minni skóla.** Áætlaður árlegur meðalkostnaður á hvern grunnskólanemanda endurspeglar ekki rekstur minni skóla líkt og sjálfstæðra skóla í Reykjavík. Þessir skólar njóta ekki sömu stærðarhagkvæmni og stærri grunnskólar sem vega þungt í meðalkostnaði á hvern grunnskólanemanda. Sveitarfélögin taka tillit til þess en viðmiðunargjald vegna nemenda sem eru í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags tekur mið af fjölda í viðkomandi skóla.
- **Óraunhæft að fjármagna reksturinn með verulegri hækkun skólagjalda.** Til þess að tekjur sjálfstæðra skóla endurspegli meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda þurfa skólagjöld að hækka verulega. Skólagjöld þyrftu að nema um 735 þús.kr. á hvern nemanda (25% af áætluðum meðalkostnaði) sem myndi draga úr jafnrétti og aðgengi að fjölbreyttri menntun. Slíkt gengur gegn þeirri hugsjón að sjálfstæðir skólar séu valkostur fyrir alla óháð efnahag foreldra.
- **Launahækkunir í nýjum kjarasamningum við kennara bitna hlutfallslega meira á sjálfstæðum skólum.** Hlutfall launa af heildarkostnaði er hærra hjá sjálfstæðum skólum en skólum reknum af sveitarfélögum sem þýðir að áhrif launahækkana eru meiri á þá en aðra skóla. Þar að auki þurfa sjálfstæðir skólar sjálfir að standa undir 25% af hverri launahækkun í ljósi þess að framlagið er aðeins 75% af meðalkostnaði.
- **Launahækkunir koma ekki fram í framlögum fyrr en þremur mánuðum síðar.** Launahækkunir skila sér með þriggja mánaða töf í fjárveitingar til sjálfstæðra skóla án leiðréttinga. Auk þess ná fjárveitingar ekki til afturvirkra samninga þ.e. ef launasamningar gera ráð fyrir afturvirkum greiðslum kemur sú fjárhæð ekki inn í áætlun Hagstofu. Sjálfstæðir skólar þurfa því að brúa þetta bil með eigin fjármagni sem setur þá í óhagstæðari stöðu en skóla sem reknir eru af sveitarfélögum.
- **Sjálfstæðir skólar taka á sig rekstraráhættu sem annars myndi leggjast á sveitarfélögin.** Sjálfstæðir skólar njóta minna rekstraröryggis en skólar sem reknir eru af sveitarfélögum og má þar nefna húsnæðisvanda og kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna sem hafa veruleg fjárhagsleg áhrif og skapa óstöðugleika í rekstri.
- **Hækkun framlags rennir styrkari stoðum undir rekstur sjálfstæðra skóla.**

Inngangur

Í Reykjavík eru sex sjálfstætt starfandi skólar og var nemendafjöldi þeirra samanlagt 933 árið 2023. Þessir skólar eru almennt fámennari en grunnskólar reknir af sveitarfélaginu. Nemendafjöldi í Landakotsskóla var 350 en aðrir skólar voru með að meðaltali 117 nemendur.

Bls. | 2

Sjálfstætt starfandi skólar gegna mikilvægu hlutverki í menntakerfinu í Reykjavík. Þessir skólar hafa meira svigrúm til að þróa og innleiða kennsluaðferðir og sérhæfingu, t.a.m. í listum og íþróttum, sem erfitt gæti reynst að bjóða upp á í hefðbundnum skólum reknum af sveitarfélögum. Það á einnig við um þróun alþjóðadeildar við Landakotsskóla. Með því að hafa bæði sjálfstætt starfandi skóla og skóla rekna af sveitarfélögum er meiri fjölbreytni, sérhæfing og sveigjanleiki í námskerfinu fyrir nemendur sem kemur til móts við ólíkar þarfir samfélagsins. Skólaumhverfi sem hentar hverjum nemanda getur haft mikil áhrif á líf barna og unglinga. Sjálfstætt starfandi skólar eru oft minni og geta því boðið upp á persónulegra nám og meiri nánd milli kennara og nemenda fyrir þá nemendur og foreldra sem velja og/eða þurfa þess. Slíkt umhverfi getur verið lykilatriði til að tryggja jafnræði meðal barna, svo öll fái þau blómstrað í námi og nái árangri.

Með því að sinna þessu hlutverki draga sjálfstæðir skólar úr álagi á almenna skólakerfið, ekki aðeins með því að taka við hluta nemenda, heldur líka út af fyrr nefndri sérstöðu að skólarnir hafa aðrar áherslur en hefðbundnir hverfisskólar og geta því mætt ólíkum þörfum nemenda. Til þess að nýta þessa kosti sem best er mikilvægt að tryggja fjölbreyttan valkost með því að sjálfstæðir skólar séu aðgengilegir öllum óháð efnahag foreldra en þannig er hægt að byggja sterkari grunn fyrir framtíðina.

Allar tölulegar upplýsingar sem fjallað verður um í framhaldi eru frá fjórum sjálfstæðum skólum í Reykjavík, en þar eru [stærstur hluti]¹ af nemendum sjálfstæðra skóla. Upplýsingar bárust frá [...]² um tekjur og kostnað vegna grunnskólanemanda.


Staða sjálfstæðra skóla samkvæmt ársreikningum

Staða sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík er afar ólík. Samkvæmt nýjustu ársreikningum var rekstrarafkoma í jafnvægi hjá Grunnskólum Hjallastefnunnar og Tjarnaskóla á meðan Ísaksskóli skilaði hagnaði og Landakotsskóli tapi. Rekstrarniðurstaðan sveiflast þó talsvert milli ára sem sýnir hversu viðkvæmur rekstur skólanna getur verið og hver hratt breytingar geta haft áhrif. Í tilviki Ísaksskóla, eina skólans sem skilað hefur hagnaði sl. fjögur ár, er vert að taka fram að rekstrarafgangurinn verður nýttur til að kaupa húsnæði skólans til baka frá borginni á næsta ári. Því er ekki um eiginlegan hagnað að ræða. Ljóst er að staða skólans mun breytast verulega við það.

Þá er mikilvægt að árétta að sjálfstætt starfandi skólum ber samkvæmt lögum um grunnskóla að tilgreina í samþykktum sínum að fjárframlög opinberra aðila verði einvörðungu nýtt í þágu skólastarfsins. Það þýðir að það sé óheimilt að taka fjárframlögin út í formi arðgreiðslna.

¹ Fellt á brott vegna trúnaðar

² Fellt á brott vegna trúnaðar



Bls. | 3

Heimild: Ársreikningar

Tekjur sjálfstætt starfandi skóla – skólagjöld og lögbundið framlag

Sjálfstæðir grunnskólar njóta lögbundins framlags frá Reykjavíkurborg sem nemur að lágmarki 70-75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Auk þess hafa skólarnir heimild til að innheimta skólagjöld.

Tekjur á hvern grunnskólanemanda



Heimild: Gögn frá [...]³. Ath. eingöngu um grunnskólanemendur að ræða – búið að leiðrétta fyrir frístund og 5. ára bekk.

[...]⁴

Til að jafna meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda m.v. áætlun í mars 2025 þyrftu skólagjöld hjá sjálfstæðum skólum að vera um 735 þús.kr á hvern nemanda á ári ef þeir væru ekki með neinar aðrar tekjur umfram lögbundið lágmarks framlag frá sveitarfélögum. Stjórnendur sjálfstæðra skóla eru eindregið mótfallin því að skólagjöld verði íþyngjandi fyrir nemendur og foreldra þar sem það útilokar ákveðna hópa frá því að sækja nám í skólunum. Að jafnaði nema skólagjöld hjá sjálfstæðum skólum tiltölulega litlum hluta af heildarkostnaðar á hvern nemanda, algengt er að þau nemi á bilinu 200-350 þús.kr. á ári. Hóflegum skólagjöldum er ætlað að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni innan sjálfstæðra skóla þar sem fleiri nemendur hafa tækifæri til að mennta sig þar óháð efnahag.

Bls. | 4


Stærstur hluti af tekjum sjálfstæðra skóla koma frá sveitarfélögum í gegnum lögbundið framlag sem nemur að lágmarki 70/75% af meðalkostnaði á hvern grunnskólanemanda háð nemendafjölda. Framlagið er reiknað miðað við áætlun Hagstofu Íslands um árlegan meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda sem var 2.943.211 kr. í mars 2025. Stjórn sjálfstæðra skóla leggja til að framlagið verði hækkað í 80%.

Helstu rökin fyrir hækkuninni er að áætlaður meðalkostnaður allra skóla reknur af sveitarfélögum endurspeglar ekki rekstur minni skóla líkt og sjálfstæðir skólar reka í Reykjavík. Minni skólar njóta ekki sömu stærðarhagkvæmni og meðalskólar í Reykjavík, sem vega þungt í áætlunum meðaltalskostnaði. Þeir sjálfstæðu skólar sem starfa í Reykjavík í dag, eru í hóp fámennari skóla og munu eðli máls samkvæmt vera þar, enda er þeirra sérstaða m.a. fólgin í því.

Í þessu samhengi er vert að benda á að sveitarfélög gera ráð fyrir stærðarhagkvæmni við ákvörðun um viðmiðunargjaldi vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilssveitarfélags en það tekur mið af fjölda nemanda í viðkomandi skóla. Reykjavíkurborg er að greiða 475 þús.kr. meira með hverjum Reykvískum nemanda sem sækir grunnskóla í annað sveitarfélag en með nemanda sem er í sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík þar sem nemendafjöldi er á bilinu 101-200 líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd.

³ Fellt á brott vegna trúnaðar

⁴ Fellt á brott vegna trúnaðar



Bls. | 5

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Samkvæmt útreikningum SVP fengju sjálfstæðir skólar í Reykjavík herra framlag frá sveitarfélögum ef miðað yrði við fjölda nemanda í skólum við gerð áætlunar Hagstofu Íslands um meðalkostnað á hvern nemanda. Með því að skoða meðalkostnað á hvern nemanda eftir nemendafjölda í skólum á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga sést að kostnaðurinn fer stig lækkandi með auknum nemendafjölda. Ef þær tölur sem fram koma á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga og sýna meðalkostnað eftir nemendafjölda í skólum eru framreiknaðar miðað við áætlun Hagstofu Íslands um meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda í mars 2025 má áætla að framlag sveitarfélaga til sjálfstæðra skóla í Reykjavík væri á bilinu 380-1.350 þús.kr. herra á hvern nemanda ef framlagið tæki mið af fjölda nemenda í skóla.

Áætlun Hagstofu Íslands um meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda, sem er grunnur að tekjuframlagi til sjálfstæðra skóla, hefur ýmsa veikleika sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu sjálfstæðra skóla umfram aðra skóla. Í fyrsta lagi er tímatöf í launakostnaði. Áætlunin byggir á launakostnaði í grunnskólum og kemur sú breyta inn með þriggja mánaða tímatöf sem verður til þess að laun uppreiknast ekki í framlagi sveitarfélaga fyrr en þremur mánuðum eftir launahækkun. Engar leiðréttingar eru gerðar á þegar greiddum fjárveitingum til að endurspegla aukinn launakostnað sem er stærsti útgjaldaliðurinn. Sjálfstæðir skólar þurfa því stöðugt að brúa þetta bil með eigin fjármagni sem hefur neikvæð áhrif á fjárhagslega stöðu þeirra. Í öðru lagi tekur launabátturinn aðeins til almennra launahækkana en ekki til afturvirkra launahækkana samkvæmt Hagstofunni. Það þýðir að þegar launahækkarnir eru afturvirkar t.d. taka gildi í mars en eru afturvirkar til janúar þá er launahækkunin sem er í janúar og febrúar, afturvirka hækkunin, ekki tekin inn í launabáttinn við áætlun um meðalkostnað á hvern nemanda og þar með eru launahækkarnir þá mánuði ekki hluti af framlögum sveitarfélaga til sjálfstæðra skóla. Því þurfa sjálfstæðir skóla að greiða þann kostnað með herra skólagjaldi eða draga úr kostnaði. Þessir veikleikar í áætlun Hagstofu um meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda hafa neikvæð áhrif á fjárhag sjálfstæðra skóla. [...]⁵

⁵ Fellt á brott vegna trúnaðar

Líkt og fram hefur komið eru fjárframlög sveitarfélaga og skólagjöld hjá sjálfstæðum skólum í Reykjavík samanlagt lægri en áætlaður árlegur meðalkostnaður á hvern grunnskólanemanda hjá sveitarfélögum. Því þurfa sjálfstæðir skólar að reka sig með minni kostnaði en aðrir skólar. Það er veruleg þversögn enda bera þeir umtalsverða rekstraráhættu sem sveitarfélagsreknir grunnskólar komast undan. Sjálfstæðir skólar bera til að mynda alla ábyrgð á eigin rekstri, þ.m.t. að tryggja húsnæði og búnað, auk hæfs starfsfólks ásamt því að standa undir faglegum kröfum. Í þessu samhengi er vert að benda á að húsnæðisvandi og kostnaður sem verður til vegna langtímaveikinda starfsmanna geta haft veruleg áhrif á fjárhagslega getu sjálfstæðra skóla. Langtímaveikindi starfsmanna þar sem greiða þarf laun veikra starfsmanna á sama tíma og ráða þarf afleysingarfólk er sérstaklega íþyngjandi fyrir minni skóla með takmarkaða fjárhagsburði. Auk þess getur reynst erfitt að fá hæft afleysingarfólk. Þessa rekstraráhættu bera sveitarfélögin fyrir hönd skólanna sem þeir reka og hafa umtalsvert meiri burði og svigrúm til að bregðast við þessháttar skakkafalli.

Sjálfstætt starfandi skólar telja mikilvægt að framlag Reykjavíkurborgar hækki úr 70/75% í 80% fyrir alla nemendur til þess að vega upp á móti áðurnefndum veikleikum í áætlun Hagstofu um meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda þ.e. að áætlunin taki ekki tillit til nemendafjölda og að útreikningar á launabættinum séu ekki í rauntíma né taki tillit til afturvirkra samninga. Þannig yrði einnig komið til móts við þá rekstraráhættu sem sjálfstæðir skólar bera en væri annars hjá sveitarfélögum.

Rekstrarkostnaður án húsnæðis

Meðalrekstrarkostnaður skóla í rekstri Reykjavíkurborgar, að undanskildu húsnæði, var um 1,9 milljónir króna á hvern nemanda árið 2023. Launakostnaður er þar stærsti útgjaldaliðurinn. Stórir skólar vega þungt í þessu meðaltali en vegna stærðarhagkvæmni sinnar er þeim kleift að dreifa kostnaðinum á fleiri nemendur og þannig lækka meðalkostnað á hvern nemanda. Sjálfstæðir skólar eru yfirleitt fámennari en meðalskólar reknir af Reykjavíkurborg og því er gagnlegt að bera rekstrarkostnað þeirra einnig saman við viðmiðunarskóla sem hafa sambærilegan nemendafjölda. Rekstrarkostnaður, án húsnæðis, hjá viðmiðunarskólum var á bilinu 1,9-2,5 milljónir króna á hvern nemanda árið 2023.

Þegar litið er til launakostnaðar og annars breytilegs kostnaðar hjá sjálfstæðum skólum árið 2023 kemur í ljós að kostnaðurinn var hærri en meðaltal allra grunnskóla í Reykjavík en þar gegnir stærðarhagkvæmnin lykilmáli. Hins vegar er kostnaðurinn innan þess kostnaðarbils sem tíðkast hjá viðmiðunarskólum. [...]⁶

Þetta undirstrikar mikilvægi þess að hafa nemendafjöldann til hliðsjónar þegar fjárframlag er byggt á rekstrarkostnaði líkt og í tilviki viðmiðunargjalds (greiðslur milli sveitarfélaga).

⁶ Fellt á brott vegna trúnaðar

Kostnaður á hvern grunnskólanemanda (án húsaleigu)

Mynd 4 fellur brott vegna trúnaðar

Bls. | 7

Viðmiðunarskólar: Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Húsaskóli, Klébergsskóli, Selásskóli og Víkurskóli
Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og gögn frá [...]⁷. Ath. eingöngu um grunnskólanemendur að ræða – búið að leiðrétta fyrir frístund og 5. ára bekk.

Launakostnaður nam um 73-80% af heildarkostnaði sjálfstæðra skóla samanborið við 60-70% af heildarkostnaði viðmiðunarskóla. Þetta stafar af því að sjálfstæðir skólar hafa lægri heildarkostnað m.a. vegna lægri húsnæðiskostnaðar líkt og fjallað verður um hér á eftir. Sjálfstæðir skólar hafa því verulegar áhyggjur af launahækkunum samkvæmt nýjum kjarasamningum við kennara þar sem þær hafa hlutfallslega meiri áhrif á rekstur þeirra en skóla rekna af sveitarfélögum. Þar að auki fá sjálfstæðir skólar einungis 75% af þeirri auknu fjárþörf sem launahækkunir skapa og þurfa að fjármagna 25% af launahækkunum úr eigin rekstri eða með hærri skólagjöldum.

Húsnæðiskostnaður og húsnæðisvandi

Húsnæðiskostnaður skóla í rekstri Reykjavíkurborgar var að meðaltali um 575 þús.kr. á hvern nemanda árið 2023. Líkt og fram hefur komið vega stórir skólar þungt og þar dreifist fermetrafjöldinn á fleiri nemendur. Húsnæðiskostnaður hjá viðmiðunarskólum, sem eru almennt fámennari, var töluvert hærri á hvern nemanda eða á bilinu 650-1.175 þús.kr. á hvern nemanda.

⁷ Fellt á brott vegna trúnaðar

Húsnæðiskostnaður á hvern nemanda

Mynd 5 fellur brott vegna trúnaðar

Bls. | 8

Viðmiðunarskólar: Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Húsaskóli, Klébergsskóli, Selásskóli og Víkurskóli
Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og gögn frá [...]⁸ Ath. eingöngu um grunnskólanemendur að ræða – búið að leiðrétta fyrir frístund og 5. ára bekk.

Sjálfstæðir skólar í Reykjavík eru með umtalsvert lægri húsnæðiskostnað á hvern nemanda en aðrir skólar í borginni. Þessi munur skýrist meðal annars af því að grunnskólar Reykjavíkurborgar eru í flestum tilvikum í sérhönnuðu húsnæði, sem inniheldur íþróttaaðstöðu, mötuneyti og sérhæfð kennslurými fyrir starfsemi skólanna. Slík aðstaða getur verið dýr í rekstri. Auk þess hafa aldur og ástand húsnæðis áhrif á nýtingu þess. Eldra húsnæði getur verið óhagkvæmara í rekstri en nýrri byggingar. Því þarf að meta hvort samanburður á húsnæðiskostnaði sjálfstæðra skóla og skóla rekna af sveitarfélögum sé raunhæfur þar sem aðstæður geta verið mjög mismunandi. Til dæmis starfar Landakotsskóli að mestu leiti í húsnæði Kapólsku kirkjunnar þar sem skólastofur eru litlar og takmarka því fjölda nemanda. Það hefur áhrif á rekstrarskilyrði skólans samanborið við aðra skóla sem eru í sérbyggðum skólahúsnæðum og ráða vel við fjölgun nemanda í hverjum bekk og mismunandi form af samkenndu.

Þrátt fyrir að sjálfstæðir skólar hafi notið lægri kostnaðar í húsnæði en aðrir skólar í Reykjavík er óvíst að það haldist óbreytt til framtíðar. [...]⁹.

Það er algjör forsenda fyrir rekstri sjálfstæðra skóla að húsnæði sé tryggt til langs tíma. Í þeim tilvikum sem það er ekki tryggt skapar það óvissu fyrir skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra. Þessi óvissa skapar óstöðugleika í skólastarfi og getur leitt til minni aðsóknar og aukins kostnaðar. Þessi óvissa á m.a. við í tilviki Barnaskóla Hjallastefnunnar sem er enn sem komið er í bráðabirgðahúsnæði.

⁸ Fellt á brott vegna trúnaðar

⁹ Fellt á brott vegna trúnaðar

Að lokum er vert að undirstrika að rekstrargrundvöllur sjálfstæðra skóla byggist að miklu leyti á lágum húsnæðiskostnaði m.a. með færri fermetrum á hvern nemanda og minna sérhæfðu húsnæði. Það hefur skapað svigrúm til að nýta meira fjármagn til kennslu og sértæka þjónustu, sem er í samræmi við skóla með áþekkan nemendafjölda líkt og fram kom hér að framan. Ef húsnæðiskostnaður hækkar t.d. vegna herra leiguverðs getur það haft veruleg áhrif á rekstrargrundvöll sjálfstæðra skóla. Það getur leitt til þess að sumir sjálfstæðir skólar myndu þurfa að draga úr þjónustu, hækka skólagjöld eða jafnvel loka.

Niðurlag

Sjálfstæðir skólar í Reykjavík telja mikilvægt að tryggja jafnari rekstrarskilyrði milli skólakerfa svo allir nemendur fái að blómstra í því námsfyrirkomulagi sem hentar þeim óháð efnahag. Gæði menntunar og traust rekstrarumhverfi skipta lykil máli fyrir framtíð grunnskóla í borginni, hvort sem um er að ræða skóla reknar af sveitarfélögum eða sjálfstæðra skóla. Þeir sjálfstæðu skólar sem starfa í Reykjavík í dag, eru almennt fámennir og munu eðli máls samkvæmt vera það, enda er þeirra sérstaða m.a. fólgin í því. Mörgum börn hentar það fyrirkomulag betur og þeirra þarfir hverfa ekki þótt stærri skólar séu fjárhagslega hagkvæmari. Því er mikilvægt að framlag til sjálfstæðra skóla taki mið af þessum aðstæðum. Til að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra er mikilvægt að skapa sjálfstæðum skólum traust rekstrarskilyrði innan borgarinnar. Þannig er tryggt að öll börn í Reykjavík geti fundið nám sem hentar þeim best.

Sjálfstæðir skólar hafa lagt til að Reykjavíkurborg hækki framlag sitt til sjálfstæðra skóla þannig að árlegar rekstrartekjur þeirra sé nálægt 100% af áætluðum árlegum meðalkostnaði á hvern nemanda í grunnskóla án þess að taka af heimildina til að rukka hæfileg skólagjöld. Sjálfstæðir skólar leggja til að framlagið frá Reykjavíkurborg hækki úr 70/75% í 80% fyrir alla nemendur óháð nemendafjölda. Verði það gert afturvirkkt fyrir allt skólaárið 2024/25 má áætla að herra framlag kosti Reykjavíkurborg um 150 milljónir króna miðað við að kostnaður á hvern nemanda haldist áþekkur allt skólaárið. Það er mat stjórnar sjálfstæðra skóla að hækkun á framlagi renni styrkari stoðum undir rekstur skólanna á þessu skólaári.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjálfstæðra skóla

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Alma Guðmundsdóttir
Formaður Sjálfstæðra skóla



Íris Hannah Atladóttir
Hagfræðingur SVP og höfundur
minnisblaðsins



Reykjavík, 28. mars 2025

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkur
Bt. Frans Páll Sigurðsson
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Bls. | 1

EFNI: Bókun samninganefndar SSK v. fundar 27. mars 2025

Þann 27. mars 2025 sátu fulltrúar samninganefndar grunnskóla SSK (SSK) fund með fulltrúum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS).

SSK lögðu á fundinum fram eftirfarandi bókun og óska eftir því að hún verði færð í fundargerð:

- SSK bendir á að taka verði tillit til þess að afstaða hins opinbera hefur verið að skólar innan SSK falli ekki undir 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Hins vegar falli grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélögum undir umrætt ákvæði, sem gerir þeim kleift að krefjast endurgreiðslu virðisaukaskatts af innflutningi eða kaupum á ýmissi þjónustu og vörum sem tilgreind er í ákvæðinu.
Kostnaðargrunnur sá sem Hagstofa Íslands reiknar út og framlög sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla byggja á skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008, tekur ekki tillit til þessa aðstöðumunar grunnskóla gagnvart virðisaukaskatti eftir því hvort grunnskólinn er sjálfstætt starfandi eða í rekstri sveitarfélags. Um verulegar fjárhæðir er að ræða, sem hafa óumdeilanlega áhrif á rekstrarsjálfbærni sjálfstætt starfandi grunnskóla. SSK telur að taka verði mið af þessari staðreynd við ákvörðun framlags Reykjavíkurborgar.
- SSK tekur fram að af hálfu SFS hefur ekki komið fram með skýrum hætti hvort samningsmarkmið Reykjavíkurborgar standi til þess að gera tímabundna framlengingu þeirra samninga sem síðast voru undirritaðir, eða hvort óskað væri eftir að nýir samningar væru gerðir. Þá hefur heldur ekki komið fram með skýrum hætti hvaða gildistíma Reykjavíkurborg óskar eftir, eða hvort gildistími skuli vera mismunandi eftir því hvaða leið yrði fyrir valinu.
SSK leggur áherslu á að við val á útfærslu næsta samningstímabils verði gætt að því að komi upp atvik á gildistíma, sem m.a. er ekki efnislega kveðið á um í samningnum, og/eða hafa áhrif á samning í heild sinni eða einstaka ákvæði samnings, með slíkum hætti að forsendur samningsins um sanngirni milli aðila raskist verulega, verði aðilum gert að komast að samkomulagi um leiðréttingu á slíkri röskun. Til slíkra atvika gæti m.a. talist lækkan á kostnaðargrunni reiknuðum af Hagstofu Íslands.
- SSK vekur athygli á og fer fram á að tekið sé tillit til þess að áætlun Hagstofu Íslands um árlegan meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda, sem er grunnurinn að rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til sjálfstæðra skóla, tekur ekki tillit til launagreiðslna í rauntíma. Launabátturinn í áætlun Hagstofu Íslands er miðaður út frá launum þremur mánuðum áður þ.e. launin sem eru hluti af áætlun Hagstofu fyrir febrúar er í raun miðuð við laun fyrir október árið á undan. Um nánari útskýringar vísast til meðfylgjandi greinargerðar A.



- SSK bendir á og telur að taka þurfi tillit til þess að á Íslandi hafa á undanförunum árum verið gerðir kjarasamningar þar sem samið hefur verið um afturvirkar launagreiðslur. Hins vegar nær áætlun Hagstofu Íslands um árlegan meðalkostnað á hvern grunnskólanemanda ekki utan um kostnaðar- og bókhaldslegar afleiðingar sem slíkir samningar hafa á skóla innan SSK.

Ein ástæða þess er að áætlun Hagstofu Íslands byggir meðal annars á þróun launavísitölu grunnskóla í rekstri sveitarfélaga, sem er notuð til að áætla launakostnað. Hafa ber í huga að almennt gildir um útreikning launavísitölu, að launahækkunir eru teknar inn í vísitöluna á þeim tímapunkti þegar launin sem tengjast hækkuninni, eru greidd út. Um nánari útskýringar vísast til meðfylgjandi greinargerðar **B**.

Bls. | 2

- Innan SSK starfar Landakotsskóli, en skólinn býður upp á alþjóðabraut á grunnskólastigi. Fulltrúi Landakotsskóla bókar sérstaklega að gera þurfi ráð fyrir auknum kostnaði sem hlýst af því að haldið sé úti slíku námi á grunnskólastigi. Verkefnið var í upphafi unnið í samráði við Reykjavíkurborg og námsleiðin hefur verið vel sótt. Alþjóðlegt nám á grunnskólastigi eflir Reykjavík sem þéttbýlissvæði sem getur dregið að sér fólk erlendis frá sem býr yfir þekkingu og hæfni sem skortur er á í íslensku samfélagi. Hið sama á við um framboð á alþjóðlegu námi á framhaldsskólastigi. Viðurkennt er af hálfu stjórnvalda sem fara með málefni framhaldsskólastigs að meiri kostnaður hlýst af því að halda úti alþjóðlegu námi. Því fær Menntaskólinn við Hamrahlíð t.a.m. sérstaka úthlutun til að standa undir slíkum kostnaði. Alþjóðlega námið í Landakotsskóla nýtur þvert á móti ekki slíks skilnings og hefur framlag til hans ekki endurspeglad hvern aukna kostnað. Ljóst er að þarna er um að ræða ósamræmi og ójafnt gefið milli skólastiga, þótt sömu sjónarmið liggja að miklu leyti til um ástæðu aukins kostnaðar. Nauðsynlegt er að við ákvörðun framlags til Landakotsskóla verði tekið sérstakt tillit til þessa.

Virðingarfyllt,

f.h. Sjálfstæðra skóla

Alma Guðmundsdóttir
Formaður Sjálfstæðra skóla



Reykjavík, 29. mars 2025

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkur
Bt. Frans Páll Sigurðsson
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Bls. | 1

EFNI: Greinargerð vegna bókunar samninganefndar SSK v. fundar 27. mars 2025

Greinargerð A. Dæmi um áhrif tímatafa í framlagi Reykjavíkurborgar til sjálfstæðra skóla

Samkvæmt Hagstofu Íslands var áætlaður árlegur meðalkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla **2.943.211 kr.** í mars 2025. Gera má ráð fyrir að þar af sé launakostnaður á hvern nemanda **2.060.248 kr.**¹

Ef samið er um **3,5% launahækkun** sem kemur til framkvæmda 1. apríl, hækkar launakostnaður á hvern nemanda á ársgrundvelli úr **2.060.248 kr.** í **2.132.356 kr.** Slík hækkun kemur strax fram í launakostnaði sjálfstæðra skóla, líkt og annarra skóla.

Hins vegar fá sjálfstæðir skólar ekki greitt framlag sem endurspeglar þessa hækkun kostnaðar. Útskýringa þess er að leita í þriggja mánaða tímátöf í vinnslu launavísitölu hjá Hagstofu Íslands. Því myndast í þessu dæmi þriggja mánaða tímabil, þar sem aukinn kostnaður fellur strax til, en greiðslur sem endurspeglar þessa hækkun, koma ekki til fyrr en að þremur mánuðum liðnum.

Með öðrum orðum, fær sjálfstætt starfandi skóli, ekki framlag sem endurspeglar fyrrnefnda kostnaðarhækkun sem fellur til í apríl, maí og júní, fyrr en í júlí. Á þeim tímapunkti hefur hinn hækkaði kostnaður einnig tekið breytingum í takti við launaþróun.

Mismunurinn á launakostnaðinum í þessu dæmi að ofan nemur 72.108 kr. á ársgrundvelli á hvern nemanda. Vanáætlað framlag sem nemur 75% af kostnaði á hvern nemanda nær til þriggja af níu greiðslum yfir árið.

Viðbótarkostnaður sjálfstæðra skóla í Reykjavík, sem eru með 933 nemendur, nemur miðað við fyrrnefndar forsendur **16.819.347 kr.** vegna launahækkunarinnar.² Þessi fjárhæð ætti að koma sem framlag frá Reykjavíkurborg en gerir það ekki vegna tímatafar í áætlun Hagstofu Íslands. Það þýðir að kostnaðurinn fellur eingöngu á sjálfstæða skóla vegna kerfislægrar tímatafar í framlagi launaþáttarins. Að auki bætist við 3,5% launahækkun á þann hluta launakostnaðar sem er ekki fjármagnaður af Reykjavíkurborg (25%), sem eykur fjárhagslegt álag enn frekar.

¹ Við þessa útreikninga er gengið út frá því að hlutfall launa af heildarkostnaði sé um 70%, sem er í samræmi við minnisblað Hagstofu Íslands varðandi árið 2020.

² Við þessa útreikninga er miðað við að allir starfsmenn sjálfstæðra skóla fái sömu launahækkun á sama tímapunkti.



Dæmið hér að framan þar sem laun hækka um 3,5% er hluti af kjarasamningi við kennara og hefur bein kostnaðaráhrif á yfirstandandi skólaári. Sjálfstæðir skólar hafa enga aðkomu að samningnum sem er engu að síður skuldbindandi fyrir þá. Þar að auki var samið um 3,95% launahækkun sem kom til framkvæmda 1. desember og 8% launahækkun sem kom til framkvæmda 1. mars. Þær hækkanir koma einnig með 3 mánaða tímatöf í framlag til sjálfstæðra skóla þrátt fyrir að kostnaðurinn komi fram samstundis.

Bls. | 2

Viðbótarkostnaður sjálfstæðra skóla í Reykjavík, sem ætti að koma sem framlag frá Reykjavíkurborg, er áætlaður **83.856.459 kr. á skólaárinu³** vegna fyrrnefndra launahækkana. Um er að ræða kerfislæga skekkju, en engar leiðréttingar eru gerðar á þessari vanáætlun.

Greinargerð B. Dæmi um áhrif af kjarasamningum með afturvirkar launagreiðslur

Ef samið er um **3,95%** launahækkun í nóvember 2024 sem tekur gildi frá 1. desember en er afturvirk til 1. júní sama ár (afturvirk í 6 mánuði) birtist sú hækkun sem er afturvirk ekki í launavísitölu Hagstofu Íslands. Almennt á það við um útreikninga á launavísitölu að launahækkanir eru teknar inn í útreikninga á þeim tímapunkti sem laun sem tengjast hækkuninni eru greidd út. Það þýðir að launahækkun 1. desember kemur fram í launavísitölu 1. desember en afturvirkar greiðslur vegna launa frá því 1. júní koma hvergi fram. Af því leiðir að laun fyrir júní til og með nóvember, sem hafa verið hækkuð afturvirkt, eru „ósýnileg“ í vísitölunni þá mánuði. Afturvirku greiðslurnar falla því alfarið á skólana sjálfa, sem þurfa sjálfir að standa undir allri 3,95% hækkuninni fyrir þessa sex mánuði.

Ef launakostnaður á hvern nemanda á ársgrundvelli er **1.944.291 kr.⁴**, sem er meðaltal ársins 2024, þá hækkar hann um 76.800 kr. á ársgrundvelli vegna afturvirktrar 3,95% launahækkunar. Þessi afturvirka launagreiðsla nær til helmingis af árinu 2024.

Kostnaður af þessari afturvirku launagreiðslu hjá sjálfstæðum skólum í Reykjavík, sem eru með 933 nemendur, nemur **35.826.970 kr.⁵** m.v. fyrrnefndar forsendur. Þessi kostnaður fellur alfarið á sjálfstætt starfandi skóla, þar sem kostnaðurinn er ekki hluti af áætlun Hagstofu um kostnað á hvern nemanda, sem leiðir aftur til þess að hann er ekki hluti af framlagi Reykjavíkurborgar.

³ Við þessa útreikninga er stuðst við áætlaðan árlegan meðalkostnað á hvern nemanda í grunnskóla í mars 2025. Auk þess er gert ráð fyrir að allir starfsmenn sjálfstæðra skóla fái sömu launahækkun á sama tíma.

⁴ Við þessa útreikninga er gengið út frá því að hlutfall launa af heildarkostnaði sé um 70%, sem er í samræmi við minnisblað Hagstofu Íslands varðandi árið 2020.

⁵ Við þessa útreikninga er miðað við að allir starfsmenn sjálfstæðra skóla fái sömu launahækkun á sama tímapunkti.



Um er að ræða raunverulegt dæmi sem hefur skapað ósanngjarnt fjárhagslegt álag á sjálfstæða skóla, sem þurfa að standa undir launakostnaði sem sveitarfélög eiga í raun að bera að hluta til með þeim.

Til viðbótar við þessa hækkun voru laun þann 1. mars hækkuð afturvirktil til 1. febrúar um 8%. Samanlagður kostnaður hjá sjálfstæðum skólum í Reykjavík af þessum tveimur afturvirkum launahækkunum er áætlaður **48.505.996 kr.**⁶ á skólaárinu. Bls. | 3

Þar sem sveitarfélögum ber að greiða 70–75% af rekstrarkostnaði á hvern nemanda, myndi það þýða að Reykjavíkurborg kæmi til móts við þessa hækkun. Hins vegar, vegna þess að afturvirkar launagreiðslur eru ekki teknar með í útreikningum Hagstofunnar, myndast aftur kerfislæg skekkja hér sem veldur því að sjálfstæðir skólar fá ekkert framlag vegna þessa viðbótarkostnaðar.

Virðingarfyllt,

f.h. Sjálfstæðra skóla

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Alma Guðmundsóttir
Formaður Sjálfstæðra skóla

Íris Hannah Atladóttir
Hagfræðingur SVP

⁶ Við þessa útreikninga er stuðst við áætlaðan árlegan meðalkostnað á hvern nemanda í grunnskóla í febrúar 2025 og meðaltal ársins 2024. Auk þess er gert ráð fyrir að allir starfsmenn sjálfstæðra skóla fái sömu launahækkun á sama tíma.



Borgarráð Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 10. apríl 2025

EFNI: Erindi SSK til Borgarráðs Reykjavíkurborgar varðandi viðauka við samning Reykjavíkurborgar og sjálfstæðra skóla

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar hafa fulltrúar Skóla- og Frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) átt í viðræðum við fulltrúa Samtaka sjálfstæðra skóla (SSK), um samning sveitarfélagsins og aðildarfélaga SSK. Samningaviðræður þessar hafa átt sér stað um nokkurt skeið.

Þann 8. apríl 2025 kl. 17:43 barst fulltrúum SSK tölvupóstur frá SFS með drögum að samningsviðauka, sem ætlað er að framlengja samning SFS og SSK til 31. desember 2026 (viðaukinn).

Í viðaukanum er, auk ákvæða um framlengingu, einnig að finna ákvæði sem ekki var að finna í hinum upprunalega samningi. Fulltrúar SSK tóku viðaukann til rýni þann 9. apríl og að höfðu samráði við fulltrúa SFS voru gerðar breytingar á orðalagi tiltekinna ákvæða. Viðauki með breytingum á orðalagi voru þann sama dag send félagsmönnum SSK til umsagnar. Fallist var á hinar breyttu viðbætur í viðaukanum og því sendi fulltrúi SSK að kvöldi 9. apríl tölvupóst til fulltrúa SFS þar sem lýst var yfir sammæli um tillögur SFS, auk þess að framlag SSK til efnis viðaukans var kynnt.

Umrætt framlag SSK til viðaukans var ákvæði sem tekur mið af bókun sem fulltrúar SSK færðu í fundargerð á fundi SFS SSK þann 27. mars 2025. (*sjá hjálagt skjal 1.6_sjálfstæðir skólar – bókun*). Bókun þessari fylgdi greinargerð til nánari útlistunar, sem skipt var í greinargerð A og greinargerð B (*sjá hjálagt skjal 1.7_Sjálfstæðir skólar – Greinargerð með bókun*).

Að meginefninu til byggir framlag SSK til viðaukans á ákvæði 43. gr. b. grunnskólalaga en fyrsti málsliður ákvæðisins er svohljóðandi:



*Sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali **heildarrekstrarkostnaðar** allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. (leturbr. SSK)*

SSK bendir á að í kjölfar þess að sveitarfélög á Íslandi sömdu við kennara um afturvirka greiðslu, hækkuðu sveitarfélögin í raun og veru heildarrekstrarkostnað, sbr. orðalag 43. gr. b. grunnskólalaga, afturvirkt. Þessu er nánar lýst í hjálagðri greinargerð B. Þetta þarf að leiðrétta og er sú leiðrétting fyrrnefnt framlag SSK til viðaukans.

Í ljósi framangreinds leggur SSK til að ákvæði sem inniheldur eftirfarandi texta, eða svipaðan, verði bætt við viðaukann:

„Aðilar skulu koma sér saman um aðferðafræði sem liggur til grundvallar leiðréttingar Reykjavíkurborgar á framlagi til Grunnskólans, vegna afturvirkra greiðslna til kennara samkvæmt kjarasamningum sem sveitarfélögin gerðu vegna áranna 2024 og 2025.“

Virðingarfyllst,

f.h. SSK

Alma Guðmundsdóttir